

78

17. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 111 27. des. 1954, um greiðslu verðlagsuppbótar á laun opinberra starfsmanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Frá 1. jan. 1956 skal greiða verðlagsuppbót á laun opinberra starfsmanna samkvæmt kaupgjaldsvisitölu þeirri, sem um ræðir í 2. gr., að viðbættum 10 stigum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1956, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 46 1955, um breyting á lögum nr. 111 27. des. 1954, um greiðslu verðlagsuppbótar á laun opinberra starfsmanna.

Gjört í Reykjavík, 17. desember 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

79

24. des.

L Ö G

um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ákvæðin um tekjuöflun, sem sett eru í III. kafla laga nr. 100/1948 og 2.—5. gr. laga nr. 112/1950, skulu gilda til 31. des. 1956 með þeim breytingum, sem greinir í 2. og 3. gr. hér á eftir.

2. gr.

Í stað 2. og 3. málsl. 1. málsgr. 21. gr. laga nr. 100/1948 komi: Heildsala er undanþegin söluskatti samkv. 22. gr., en til heildsölu telst ekki sala eða afhending fyrirtækja á eigin framleiðslu. Einnig er undanþegin söluskatti samkv. 22. gr. umboðsbóknun fyrir að útvega vörur frá útlöndum. Sala eða afhending heildsala á vörum er því aðeins undanþegin söluskatti, að vörurnar séu seldar eða afhentar aðilum, sem eru söluskattskyldir af sölu eða afhendingu sams konar vara.

3. gr.

22. gr. laganna orðist þannig:

Af sölu og annarri veltu atvinnufyrirtækja og annarra skattskyldra aðila skal greiða söluskatt sem hér segir: